

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 992

Dagsetning: 22. ágúst 2023 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Óskar Reykdalsson, Elís Reynarsson, Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Svava Kristín Þorkelsdóttir og Brjánn Jónasson, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Stefnir Húni Kristjánsson, leiðtogi nýsköpunar hjá HH, sat fundinn undir lið 2.

I. Efni til kynningar

1. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

2. Greining á starfsemi HH

Stefnir Húni Kristjánsson, leiðtogi nýsköpunar hjá HH, kom á fundinn og kynnti nýja greiningu á stöðu heilsugæslustöðva og ýmsar hugmyndir að frampróun út frá henni. Undirbúa þarf kynningu fyrir svæðisstjóra með nákvæmari gögnum.

II. Efni til umræðu

3. Fyrirspurn vegna niðurstöðu ríkislögmans

Rætt um fyrirspurn frá lögmanni vegna niðurstöðu ríkislögmans vegna atviks í Heilsugæslunni Miðbæ.

4. Húsnæðismál

Rætt um húsnæðismál Heilsugæslunnar Miðbæ og ítrekað að ýtt verði á eftir þarfagreiningu. Umræður um flutninga Heilsugæslunnar Hlíðum og ákveðið að halda rýnifund nú þegar flutningum er lokið til að taka saman hvað gekk vel og hvað gekk ekki vel. Fjallað um undirbúning flutnings geðteyma í Vegmúla og að nýr verkefnastjóri geðteymanna aðstoði við flutningana.

5. Starfsmannamál

Rætt um ýmis starfsmannamál.

6. Ný heilsugæslustöð á Suðurnesjum

Upplýst um samskipti um aðgengi nýrrar heilsugæslustöðvar á Suðurnesjum að Sögukerfinu.

III. Efni til afgreiðslu

7. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 15. ágúst 2023 rædd.

Niðurstaða: Afgreiðslu fundargerðar frestað.

Önnur mál

8. Fjarvinnustefna

Fjarvinnustefna HH er tilbúin til samþykktar. Rætt um að framkvæmdastjórn fari yfir stefnuna og samþykki með tölvupósti.

9. Heilsubrú

Rætt um næstu skref eftir samráðsfund í heilbrigðisráðuneytinu 21. ágúst 2023.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:30.